

Viðmiðunarreglur um laun í námsleyfi kennara og skólastjóra í grunnskólum

Frá og með 1.ágúst 2005 og þar til annað verður ákveðið fá kennarar í námsleyfi sem úthlutað hefur verið af Námsleyfasjóði greitt eftir launaflokki samkv. gr. 1.3.1 í kjarasamningi LN og KÍ fyrir grunnskóla og raðast þeir eins og þeir röðuðust næsta skólaár fyrir töku námsleyfis. Til viðbótar greiðast launaflokkar vegna viðbótarmenntunar skv. gr. 1.3.3 og símenntunarflokkar skv. gr. 1.3.5.

Frá og með sama tíma fá stjórnendur greitt eftir þeim launaflokki sem þeir raðast í út frá stigafjölda þeirra skóla eða deilda sem þeir stýra og er þá miðað við nemendur eins og þeir voru flestir meðan viðkomandi gegndi stöðunni fram að töku námsleyfis sbr. gr. 14.3. Deildarstjórar sem ráðnir eru eftir starfshlutfalli, raðast í launaflokk eftir stjórnunarhlutfalli næsta skólaárs fyrir töku námsleyfis.

Samþykkt á fundi stjórnar Námsleyfasjóðs 19. apríl 2005.

Tilvísun í gildandi kjarasamninga LN og FG og LN og SÍ

Árið 2008 sömdu FG og SÍ hvort í sínu lagi við LN, sem þá fór sem samningsumboð f.h. sveitarfélaganna. Árið 2011 voru kjarasamningar endurnýjaðir.

Í samþykkt stjórnar Námsleyfasjóðs frá árinu 2005 er því verið að vísa til eftirfarandi greina í kjarasamningnum frá 2008 og 2011:

Kjarasamningur FG

Laun kennara í námsleyfi eru greidd skv. gr. 1.3.1 og raðast þeir eins og þeir röðuðust næsta skólaár fyrir töku námsleyfis. Til viðbótar greiðast launaflokkar vegna prófa og leyfisbréfa og vegna símenntunar skv. gr. 1.3.3 og gr. 10.3 (áður gr. 1.3.5 í kjarasamningi frá 2008).

Kjarasamningur SÍ

Stjórnendur fá greidd laun í námsleyfi í samræmi við nemendafjölda þeirra skóla eða deilda sem þeir stýra og er þá miðað við nemendur eins og þeir voru flestir meðan viðkomandi gegndi stöðunni fram að töku námsleyfis sbr. gr. 1.4.2. Til viðbótar greiðast launaflokkar vegna prófa og stjórnunarreynslu skv. gr. 1.4.6 og 1.4.7.